

5. Ríkisstjórnir beggja landanna eru sammála um að stuðla að auknum viðskiptum milli Íslands og Danmerkur, og með tilliti til hins tiltölulega mikla innflutnings danskra vara til Íslands munu þær einkum leitast við að greiða fyrir útflutningi frá Íslandi til Danmerkur.

Gjört í Reykjavík, í tveimur eintökum á íslenzku og dönsku, er bæði skulu hafa jafnt gildi.

Reykjavík, 14. marz 1953.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Bjarni Benediktsson.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Bodil Begtrup.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 14. marz 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

5. Begge landes regeringer er enige om at virke for forøget samhandel mellem Island og Danmark, og under hensyn til Islands relativt store import af danske varer navnlig søge at lette Islands eksport til Danmark.

Udfærdiget i Reykjavík i to eksemplarer på det islandske og det danske sprog, idet begge tekster skal have samme gyldighed.

Reykjavík, den 14. marts 1953.

For den danske regering:
Bodil Begtrup.

For den islandske regering:
Bjarni Benediktsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ýmsir erfiðleikar hafi komið í ljós við framkvæmd 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og telji hann því brýna nauðsyn á því að breyta fyrrgreindu lagaákvæði.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjäreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnimánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnimánaðar 1946 og skal miða við lægri innstæðufjárhæðina. Bætur skal ekki greiða á heildarinnstæðufjárhæðir manna, sem lægri eru en kr. 200.00.

41
20. april

20. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

4. maí

FORSETA BRÉF**um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1953.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 23. og 24. október 1949 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er fjögur ár eru liðin frá kjördegi 1949, en hins vegar svo til ætlast í lögum nr. 80/1942, að almennar, reglulegar alþingiskosningar fari fram síðasta sunnudag í júnímánuði, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 28. júní 1953. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 28. júní 1953.

Gjört í Reykjavík, 4. dag maímánaðar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.